

Ed.

171. Breytingartillögur

við frumv. til laga um árgjald af verslun og viðskiftum við útlönd (þgskj. 55).

Frá meiri hluta nefndarinnar.

1. Við 1. gr. orðin: »til sölu« falli burt.
2. Við - - - Fyrir: »gjald« komi: verslunargjald.
3. Í stað 2. gr. komi svo hljóðandi:

2. gr.

Verslunargjaldið af aðfluttri vöru skal miða við innkaupsverð hennar, að viðbættum umboðslaunum og flutningskostnaði til landsins, en af útfluttri vöru við kaupverð hennar, eða hafi útflytjandi framleitt hana sjálfur, þá við meðalverð vörunnar á framleiðslustað.

4. 3. gr. orðist svo:

Gjaldið skal greitt svo sem hjer segir:

1. af verði aðfluttrar vöru:

a. salts, steinolíu, alls konar vjelaolíu, segldúks, kaðla, færa, öngla, netja-garns, alls konar netja og nóta, atkera, atkerisfesta, skipastrengja, mótora- og annara hreyfivjela, og allra annara báta- og skips-áhalda, og báta, er fluttir eru til landsins á skipum, kalks, sements, húsapappa, þakjárns, þak-hellna, girðingarefnis úr járn, jarðyrkjutækja, allra verkvéla til afnota við landbúnað og ullariðnað, áburðarefna, baðlyfja, alls konar kornvöru og timburs 1⁰/_o.

b. allrar annarar aðfluttrar vöru 2⁰/_o.

2. allrar útflutningsvöru 1⁰/_o.

Vörur undanþegnar gjaldi þessu eru:

1. Allar tollskyldar vörur samkv. lögum nr. 54, 11. júlí 1911,
2. unninn innlendur ullarvarningur og hjerlendis niðursoðin matmæli,
3. tunnur, hvort sem eru í heilu líki eða í stöfum, er ætlaðar eru eða notaðar til útflutnings kjöts eða sildar,
4. ullar- og fiskjar-umbúðir,
5. farþegaflutningur, nema verslunarvarningur sje,
6. búslóð manna, er flytja búferlum,
7. prentað mál og vörusýnishorn,
8. haffær skip,
9. peningar.

5. 4.—8. grein falli burt.

6. Á eftir 3. gr. komi:
9 nýjar greinar, er verða 4.—12. gr.

4. gr.

Áður en 7 dagar eru liðnir frá móttöku vörusendingar frá útlöndum, skal móttakandi hafa greitt gjaldheimtumanni gjaldið samkv. 3. gr. í peningum eða með ávísunum, stýluðum upp á borgun við sýningu, á banka eða peningastofnun í Reykjavík eða á áreiðanlegt verslunarhús í Kaupmannahöfn, ef nægileg skilríki, sem innheimtumaður tekur gild, eru fyrir því, að ávísunin verði greidd. Jafnframt skal hann skila innheimtumanni skýrslu um verð og tegund vörunnar ásamt farmbrjefi (connossement).

Hafi varan verið flutt með pósti, skal skýrslunni fylgja frumrit eða staðfest afrit af innkaupsreikningi.

Gjald fyrir útflutningsvöru skal sendandi greiða innheimtumanni, áður en varan er flutt á skip, í peningum eða með peninga-ávísunum, er gjaldheimtumaður tekur gildar. Jafnframt ber honum að skila skýrslu um verð og tegund vörunnar og farmbrjefi.

Á skýrslur þær, sem nefndar eru í grein þessari, skulu gjaldendur votta við drengskap sinn, að þær sjeu rjettar.

Nú vanrækir sendandi eða móttakandi gjaldskyldrar vöru að gefa skýrslur samkvæmt grein þessari, og má þá þvinga hann til þess með dagsektum, alt að

20 kr. fyrir dag hvern, og getur lögreglustjóri ákveðið sektirnar í bræfi til gjaldanda. —

5. gr.

Lögreglustjórar innheimta gjaldið, og gera fyrir því reikningsskil á þann hátt, sem stjórnarráðið skipar fyrir.

Rjett er lögreglustjóra að löggilda umboðsmenn sjer til aðstoðar við innheimtuna, svo marga sem honum þykir þörf á.

Lögreglustjóri eða umboðsmaður hans geta krafist þess, þá er þeim þykir ástæða til, að móttakandi eða sendandi vöru sýni þeim, til sönnunar skýrslum sínum, innkaupsreikninga eða sölureikninga, svo og verslunarbækur, en bundnir eru þeir þagnarskyldu um þau skilríki.

6. gr.

Lögreglustjóri hefir vald til þess, hvenær sem vera skal, að heimta af hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæða þykir til að ætla, að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, æru- og samviskuvottorð, skriflegt, um það, hvort hann hafi fengið þesskonar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim.

7. gr.

Nú verður maður uppvis að því, að hafa sagt rangt til um gjaldskyldar vörur, sem hann hefir innflutt eða veitt móttöku, eða sent til útlanda, eða gefið ranga yfirlýsingu þar að lútandi, eða eigi skeytt því, að skýra lögreglustjóra eða umboðsmanni hans frá gjaldskyldum vörum innan þess tíma, er segir í 4. gr., og skal hann þá sæta sektum, alt að 1000 kr., og gjaldi auk þess þrefalda þá upphæð gjaldsins, er hann hefir reynt að draga undan.

8. gr.

Hinar gjaldskyldu vörur skulu vera að veði fyrir verslunargjaldinu og sektum, og hefir eigandi ekki rjett til að ráða yfir þeim fyr en hann hefir greitt gjöld þessi. Sjeu ekki skil gerð samkv. 4. gr., hefir lögreglustjóri vald til að selja vörurnar á opinberu uppboði, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum.

Nú næst ekki til vöru þeirrar, er gjaldið átti af að greiða, og má þá án undanfarandi birtingar gera lögtak fyrir gjaldi og sektum í öðrum eigum gjaldanda, og selja hið lögtekna á sama hátt.

9. gr.

Mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Sektir allar eftir lögum þessum renna í landssjóð.

11. gr.

Af upphæð verslunargjaldsins svo og af sektum fær lögreglustjóri 3 af hundraði í innheimtulaun.

Nú annast löggiltur umboðsmaður samkv. 5. gr. innheimtu fyrir hönd lögreglustjóra, og fær hann þá hálf innheimtulaunin.

12. gr.

Stjórnin annast um, að nægilega mörg sjerprentuð eintök af lögum þessum sjeu afhent lögreglustjórum til útbýtingar. |Ennfremur semur hún, lætur prenta, og sendir lögreglustjórum eyðublöð undir skýrslur þær, sem nefndar eru í 4. gr. og vottorð samkv. 6. gr.

7.

Við 9. gr.

Greinin verður 13. grein, og orðist þannig:

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913 og gilda til 31. desember 1915.